



Minnisblað til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns

Dags: 6. nóvember 2020

Málsnúmer: 202011077/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Guðrún Marinósdóttir, Stjórnandi barnaverndar

Á undanförunum árum hefur verið mikil umræða um vinnuálag í barnavernd á Íslandi eins og annars staðar í Skandinavíu. Allir gera sér grein fyrir að um viðkvæman málaflokk er að ræða. Með auknum kröfum um nákvæmt vinnulag og vönduð vinnubrögð í barnaverndinni og áherslubreytingum síðastliðin ár hefur þessi álagsumræða orðið háværi, kröfur á starfsmenn aukast en lítið bætist við af fólki til að vinna störf. Barnaverndarstofa hefur látið sig málið varða og undanfarin ár mælt til þess að yfirmenn barnaverndarnefnda noti svonefnda málavog til að mæla vinnuálag í barnavernd í sinni heimabyggð. Jafnframt kynni þeir niðurstöður mælinga fyrir nefndum í sveitarfélaginu, þannig að ráðamenn geti haft yfirsýn yfir málin og komið að endurbótum ef þarf.

Málavogin, sem hér um ræðir, er þróuð í Gautaborg í Svíþjóð. Mælingin skráir vinnuálag hjá hverjum starfsmanni fyrir sig þannig að yfirmenn fái betri yfirsýn yfir stöðuna á vinnustaðnum og á breytingum á ákveðnu tímabili. Aðferðin mælir vinnuálag, en er ekki mælikvarði á gæði vinnunnar.

Undirrituð hóf störf hjá fjölskyldusviði Mosfellsbæjar, sem stjórnandi barnaverndar í október 2019, og hafði þá, sem deildarstjóri Barnaverndar Reykjavíkur, notað málavog um nokkurt skeið. Hjá fjölskyldusviði var málum þannig háttað að barnaverndarmál og önnur mál, unnin á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, voru unnin af sama starfsfólki.

Í byrjun, sem dyggur notandi málavogar, reyndi ég að mæla aðeins barnaverndarvinnu starfsmanna með málavoginni. Það gekk hins vegar ekki vel til að fanga það raunálag og vinnu sem starfsmenn inntu af hendi. Reynsla af málavoginni og þekking var því notuð til að yfirfæra málavogina á öll þau mál sem unnin voru í málaskrá, barnaverndar, félagslegrar ráðgjafar og fjárhagsaðstoðar og heildarmæling gerð. Þannig fékkst góð heildarsýn á álagið. Eftir að fjórar slíkar mælingar hafa verið gerðar sýnir sig að mælingin hefur gengið vel og gott samræmi er í mælingunni.

Mælingin var gerð fjórum sinnum yfir eins árs tímabil, í okóber 2019 og í febrúar, maí og september 2020. Mælt var álag á þrjá ráðgjafa í 100% starfi, en líka er mældur ráðgjafi númer 4, en hann er samtala af stjórnanda, ráðgjafa að hætta vinnu, og síðan verktaka. Þessu álagi hefur verið mætt að hluta til með því að breyta einni stöðu á fjölskyldusviði í félagsráðgjafastöðu sem og að nýta heimild til 50% stöðu í að kaupa þjónustu verktaka. Mæling sem mun eiga sér stað í upphafi árs 2021 mun því geta sagt betur til um hvernig álaginu verður háttað eftir að þær breytingar hafa átt sér stað.

Eftir þessar fjórar mælingar er ljóst að upp á hefur vantað í starfsmannafjölda í málaflokknum, samkvæmt málavoginni, til að álag á starfsmenn sé með þeim hætti



sem málavog telur viðunandi. Alla fjóra mælingarmánuðina, sem spanna eitt ár, virðist sem á vanti á sviðið ef miðað er við niðurstöðu vogarinnar. Samræmist það tilfinningu starfsmanna þegar þeir eru spurðir. Í öllum fjórum mælingum segja flestir starfsmenn að allt of mikið sé að gera, sem er stig 5 af 5 í tilfinningu starfsmanns fyrir álagi samkvæmt málavoginni.

Málavogin er aðeins tæki til að varpa ljósi að aðstæður starfsmanna sem vinna við að bæta aðstæður barna og fjölskyldna sem á því þurfa að halda. Síðustu ár hefur álag á barnaverndarstarfsmenn á Íslandi mikið verið til umræðu, hafa bæst við ótal skyldur á starfsmenn með breytingum og viðbótum í lög. Því þótti málavogin gott tæki til að svara ákveðnu kalli starfsmanna um bættar aðstæður og hefur víða verið notuð með þeim árangri að starfsmenn hafa getað sýnt ráðamönnum fram á erfiða stöðu. Barnaverndarstarfsmenn geta ekki lagt mál sín til hliðar og ætlað þeim að bíða. Þeir vinna á dagvöktum sem og á bakvakt allan sólarhringinn eðli málsins samkvæmt. Það er því í raun stöðugt álag að vinna við barnavernd, en starfsmenn hafa valið starfið, vita hvað fylgir og vinna langoftast af brennandi áhuga á málaflokknum. Málavogin er í raun tæki til að standa vörð um starfsmennina og þannig ekki síður börnin sem þurfa á þjónustu barnaverndarstarfsmanna að halda. Með notkun hennar er hægt að stjórna að ákveðnu leyti álagi vegna málþyngdar á hvern starfsmann og sjá til þess að það sé ekki óviðunandi og að hann geti sinnt sinni vinnu með viðunandi hætti.

Þó athyglisvert hafi verið að fylgja þessari mælingu eftir í eitt ár, verður nú verðugt verkefni að nota málavogina áfram á fjölskyldusviði í Mosfellsbæ, eingöngu á barnaverndarmál, þegar við förum nú inn í næsta stig breytinga á skipuriti fjölskyldusviðs.

Virðingarfyllst,
Guðrún Marinósdóttir